

Ed.

724. Breytingartillögur

[136. mál]

við frv. til hafnalaga.

Frá samgöngunefnd.

1. Fyrirsögn I. kafla verði: **Yfirstjórn hafnamála.**
2. Við 5. gr. Niðurlag fyrri másl. hljóði svo: og hafa í þjónustu sinni sérþjálfað starfslíð og sérhæfð tæki.
3. Við 7. gr.
 - a. Niðurlag fyrri mgr. orðist svo: enda skal notkun hennar öllum heimil gegn ákveðnu gjaldi.
 - b. Á eftir orðinu „reglugerð“ í síðari mgr. komi: samkvæmt staðfestu deiliskipulagi.
4. Við 10. gr.
 - a. Í staðinn fyrir „hafnarstjórnar“ í 1. másl. komi: eigenda hafna.
 - b. Við 1. tl. bætist: á sjó og landi.
5. Við 11. gr. Á eftir c-lið 1. tl. komi nýr staflíður er verði d-liður og orðist svo:
 - d) Gjöld af ferjuflutningum.
6. Við 12. gr.
 - a. Niðurlag 4. mgr., „og hefur hafnarsjóður“ o. s. frv., falli niður.
 - b. 5. og 6. mgr. falli brott.
7. Við 13. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr. er verði 3. mgr. og hljóði svo:

Önnur gjöld hafnarinnar ákveður viðkomandi hafnarstjórn.
8. Við 17. gr. Fyrri mgr. orðist svo:

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma þær eignir hafnarsjóðs er notið hafa ríkisstyrks. Enn fremur er hafnarstjórn óheimilt að hefja kostnaðarsamar framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins.
9. Við 18. gr. Á eftir orðinu „hafnarstjórn“ í 1. mgr. komi: og hafnamálastjóra.
10. Við 20. gr. Niðurlag gr., „og skulu um það gilda“ o. s. frv., falli brott.
11. Við 22. gr. Á eftir orðinu „frumrannsókn“ í síðustu mgr. komi: framkvæmdir.
12. Við 24. gr.
 - a. Á eftir orðunum „Stofnkostnaður við hafnarvogir“ í 7. tl. 1. mgr. komi: hafnsögubáta.
 - b. Á eftir orðunum „enda sé það liður í nýbyggingu“ í 2. mgr. komi: til umhverfisbóta.
13. Við 25. gr. 4. tl. gr. falli niður.
14. Við 26. gr. Í stað „mannvirkin“ í síðasta másl. 3. tl. komi: hafnarmannvirkin.
15. Við 27. gr. Í stað orðanna „hafnaráðs og hafnamálastjóra“ í 1. mgr. komi: hafnaráðs, hafnamálastjóra og hlutaðeigandi hafnarstjórnar.
16. Við 28. gr. Í stað 3., 4. og 5. mgr. komi tvær nýjar mgr. er orðist svo:

Sérstök fjögurra ára áætlun um hafnargerðir skal gerð á tveggja ára fresti. Áður en gengið er endanlega frá áætluninni skal hafnamálastjóri senda stjórn hveurrar hafnar tillögur sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu við þá höfn og gefa hafnarstjórnnum tiltekinn frest til að koma með athugasemdir og breytingartillögur.

Áætlunin skal síðan lögð fyrir Alþingi til samþykktar.